



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Austurvegi 65a, 800 Selfoss

kt. 4802840549 - Sími: 480 8250
Netfang: hsl@hsl.is

STARFSLEYFI

Aurora Igloos

Gististaðir án veitingasölu, fleiri en 50 gestir
Skólphreinsistöðvar, útrásadælustöðvar og fráveitur, litlar

Stekkatún 1, F219-8865
851 Hella

Nafn og kt. rekstraraðila: **Aurora Igloos ehf., kt. 4604170580**
Heimilisfang: **Skipasundi 77, 104 Reykjavík**

Útgáfudagur: 31. október 2025

Gildir til: 31. október 2025

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisiskilyrðum:
Fyrir stærra gistiheimili og fyrir hreinsistöð og fráveitu

dags. 31. október 2025

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.


Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisiskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út tímabundið til 2 mánaða en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Selfossi, 31. október 2025


Reynir Freyr Jakobsson
heilbrigðisfulltrúi

2508102HS

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR GISTISTADI, STÆRRA GISTIHEIMILI

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998
um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

1.1	Skilyrði þessi gilda fyrir stærri gistiheimili. Gistiheimilið er með a.m.k. 6 herbergjum eða gistirými fyrir fleiri en 10 einstaklinga.
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis. Á starfsleyfisumsókn skal koma fram fastanúmer fasteignar og eigandi/eigendur.
1.3	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
1.4	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.
1.6	Hundum, köttum eða öðrum dýrum má ekki hleypa inn í húsrýmið, undanskyldir eru hjálparhundar fatlaðra.

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið.
2.2	Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu og baðaðstöðu. Ekki skulu fleiri en tíu manns um hverja fullbúna baðaðstöðu.
2.3	Handlaug skal vera í hverju herbergi.
2.4	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætt á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við 14.5.10.gr. byggingarreglugerðar.
2.5	Rúm skulu vera a.m.k. 2*0,9 m fyrir einn gest og 2*1,4 m fyrir tvo. Sæng og koddí. Lesljós skulu vera við rúmstæði. Myrkvunargluggatjöld fyrir gluggum. Næturvarsla skal vera eða aðgangur að síma og þá skal neyðarnúmer 112 vera sýnilegt á áberandi stað.
2.6	Loftræstikerfi skal viðhaldið og hreinsað reglulega. Viðhaldsbók fyrir kerfið skal vera til staðar.

2.7	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera ræstilaug og nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
2.8	Þar sem laugar eru til staðar fyrir gesti skulu merkingar og öryggis- og umgengisreglur vera til staðar.
2.9	Um aðbúnað að öðru leyti er vísað í lög og reglugerðir um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

3. HREINLÆTI OG ÞRIF

3.1	Gæta skal fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku. Allur búnaður skal vera hreinn og heill.
3.2	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin fyrir nýja viðskiptavini. Til staðar skal vera skrifleg hreinlætisáætlun. Allsherjarhreingerningu og málun skal fara fram eftir þörfum.
3.3	Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, handklæðum og öðrum hreinlætisbúnaði áður en nýjum viðskiptavini er vísað til gistiherbergis.
3.4	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
3.5	Þvottur skal þveginn við fullnægjandi aðstæður sem viðkomandi heilbrigðisnefnd samþykkir.
3.6	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir.

4. MATVÆLI

4.1	Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.
-----	---

5. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

5.1	Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til.
-----	--

6. LÓÐ OG UMHVERFISMÁL

6.1	Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
6.2	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.
6.3	Sorpílát skulu vera fullnægjandi, heil, hrein og meindýraheld.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:


- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 903/2024, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 803/2023, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, msb, reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, byggingarreglugerð nr. 112/2012 msb..

Flokkun gististaða sbr. lög nr. 85/2007 og reglugerð nr. 1227/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

- Flokkur II, III eða IV Gististaður án veitinga, Gististaður með veitingum þó ekki áfengisveitingum, Gististaður með áfengisveitingum: Stærri gistiheimili.

Selfossi 31. október 2025

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Reynir Freyr Jakobsson
heilbrigðisfulltrúi.

Starfsleyfisaskilyrði

fyrir hreinsistöð og fráveitu

I. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

1.1 Gildissvið

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Aurora Igloos ehf., kt. 460417-0580 hér eftir nefnt rekstrar-aðili. Starfsleyfið gildir í 12 ár frá útgáfudegi.

Um starfsemina gilda m.a. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Starfsleyfið gildir fyrir 12.000 lítra rotpró (Rotpró A) sem staðsett er skv. aðaluppdrætti. og 15.500 lítra rotpró (Rotpró B) sem staðsett er skv. aðaluppdrætti. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri starfseminnar og ábyrgist að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og að ákvæðum starfsleyfis- og starfsleyfisaskilyrða sé framfylgt. Starfsemi og frágangur fráveitumannvirkja skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Endurskoðað skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

1.2 Umfang

Starfsleyfið gildir fyrir Rotpró A og Rotpró B. Staðsetning hreinsistöðvar, dælubrunna, dælustöðva og útrása:

	Lengd (nota hnitakerfi WGS84/Google maps)	Breidd	Athugasemdir
Rotpró A	63.834908	-20.422681	
Rotpró B	63.831908	-20.424011	

1.3 Stöðvun rekstar lokun

Rekstraraðili er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur skólphreinsivirkis er stöðvaður tímabundið eða ef um er að ræða varanlega rekstrarstöðvun og upplýsa eftirlitsaðila um slíkt. Í því skyni skal rekstraraðili útbúa áætlun um rekstrarstöðvun þar sem fjallað er um verklag sem miðar að því að lágmarka hugsanleg umhverfisáhrif vegna rekstrarstöðvunar. Tilkynna skal eftirlitsaðila um það ef starfsemi hefst að nýju hafi starfsemin legið niðri.

1.4 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum eða eftir atvikum bestu fáanlegu tækni (BAT) sé hún tiltæk (sbr. 7. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit) og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið.

Rekstraraðila skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Rekstraraðila er skylt að sjá til þess að á athafnasvæði hreinsivirkis og annarra mannvirkja fráveitu, sé gætt fyllsta hreinlætis og að lóð/svæði sé haldið snyrtilegu. Geymsla og uppsöfnun á úrgangi og öðru því sem ekki tilheyrir starfseminni á athafnasvæði er óheimil. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingum eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Þess skal gætt eins og unnt er að meindýr og vargfugl komist ekki í æti frá hreinsistöðinni.

Ef eftirlit leiðir í ljós að vatnshlot sem skólp er losað í uppfyllir ekki kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp eða kröfur í öðru regluverki, skal rekstraraðili gera heilbrigðiseftirliti viðvart og skal grípa til úrbóta ef ástand vatnshlots hrakar eða ef það uppfyllir ekki umhverfismarkmið sín vegna losunar á skólpi. Til að fylgjast með áhrifum í viðtaka skal rekstraraðili vinna eftir vöktunaráætlun sem hefur hlotið samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

2.2 Samskipti og samráð og birting gagna

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þjónustuvakt/stjórnstöð utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

Almenningur á rétt á upplýsingum um niðurstöður mengunareftirlits vegna rekstursins hjá eftirlitsaðila og eru þær gerðar opinberar á heimasíðu eftirlitsaðila og hjá Umhverfisstofnun.

2.3 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp eða annað atvik sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt óhapp eða atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

3.1 Almennar kröfur á fráveitu

Fráveita skal uppfylla kröfur sem til hennar eru gerðar í lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Fráveita skal meðal annars uppfylla kröfur um:

- Safnræsi og annar búnaður til meðferðar á skólpi skal vera þéttur svo ekki leki vatn inn eða skólp út.
- Hreinsivirki skal uppfylla kröfur um hreinsun í reglugerð um fráveitur og skólp. Eftirlitsmælingar skulu framkvæmdar í hreinsivirki (sbr. 4.3 gr. í starfsleyfisskilyrðum).
- Öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.
- Bann við losun skólps í hafnir.
- Vatn sem fer um yfirfallsleiðslur vegna ofanvatns í einföldu kerfi skal veita út fyrir stórstraumsfjörumörk í sjó og niður fyrir meðal lágmarkshæð í ferskvatni ef mögulegt er. Við hönnun á fráveitum með einfalt kerfi er heimilt að miða við að ofanvatn fari um yfirföll allt að 5% af tímanum eða þegar uppblandað skólp með hitaveitu- og/eða ofanvatni er í hlutföllunum 1:5 a.m.k.

Hreinsivirki fráveitu skal vera í samræmi við eðli og umfang skólpsins sem hreinsa á. Fráveitukerfi í nýjum hverfum skal hannað með tvöföldu kerfi þannig að ofanvatnið er aðskilið frá skólpinu og leitt í sér kerfi t.d. blágrænar ofanvatnslausnum þar sem því verður við komið. Sama gildir um affallsvatn hitaveitu. Sé ofanvatn mengað skal gera ráðstafanir til að hreinsa það í samráði við eftirlitsaðila áður en það er losað í viðtaka.

3.2 Úrgangur og tæming

Draga skal úr myndun úrgangs og koma úrgangi í endurnotkun- og endurnýtingu eins og kostur er. Tanka, ker og ílát sem úrgangi er safnað í skal tæma reglulega og eftir þörfum af aðilum sem hafa til þess starfseyfi. Aðkoma til tæmingar eða söfnunar úrgangs skal vera fullnægjandi að mati eftirlitsaðila. Tæma skal hreinsistöðina að lágmarki á 60 daga fresti samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Úrgang skal flytja í móttökustöð sem hefur til þess starfsleyfi eða til endurnýtingar. Um flutning og meðhöndlun úrgangs gilda ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru og fylgiskjal IV í lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3.3 Loft

Tryggja skal að starfsemin valdi fólki í nærliggjandi húsakynnum ekki óþægindum vegna efna- og sóttmengunar. Efna- og sóttmengun skal heldur ekki verða við meðhöndlun, flutning og förgun úrgangs frá fráveitunni eða hreinsistöðinni. Leitast skal við að halda lyktarmengun frá starfseminni við meðhöndlun, flutning og förgun úrgangs í lágmarki.

3.4 Hávaði

Um hávaða gilda ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði sem berst frá stöðinni skal ekki vera meiri en kveðið er á um í viðauka með reglugerðinni, sbr. töflu 1 í 3. tölulið og skal þess jafnframt gætt eins og unnt er að hávaði frá starfseminni valdi ekki ónæði, s.s. vegna titrings eða högghljóða.

4. INNRA EFTIRLIT

4.1 Eftirlit og skráning

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og umhverfis- og rekstrarþáttum sem valda mengun eða losun efna út í umhverfið. Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði, m.a. síum og skiljum skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun. Eftirlitskerfi skal vera með rekstri hreinsivirkisins sem gefur merki um leið og hreinsun fellur niður eða mannvirkið starfar ekki eins og til er ætlast.

Rekstraraðili skal halda eftirlitsdagbækur þar sem skráð eru atriði er varða fyrirkomulag og eftirlit með hreinsivirki fráveitunnar, þ.m.t. reglubundnar tæmingar og viðhald sem skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Magn ristarúrgangs, seyru, sands og fitu/olíu sem hreinsað er úr skólpinu.
- Eftir atvikum förgunarstað seyru, vinnslustað eða landgræðslusvæði.
- Upplýsingar um þjónustuaðila vegna losunar/meðhöndlunar úrgangs og seyru. Kvittanir frá móttökuaðila skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
- Óhöpp eða slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna ef við á.
- Stöðvanir vegna bilana, viðhalds eða af öðrum ástæðum. Skrá skal m.a. ástæðu stöðvunar, viðbrögð og tímalengd þeirra ásamt afleiðingum fyrir hreinsun, losun í viðtaka eða eftir atvikum notkun neyðar- og yfirfallsútrása.
- Endurnýjun fráveitukerfa og tímasett úrbótaáætlun.
- Upplýsingar um fasteignir sem ekki eru tengdar fráveitukerfi sveitarfélags og kerfishluta sem eru ekki tengdir við hreinsistöð. Listi með hnitsettum staðsetningum.
- Atriði er varða rekstur fráveitunnar s.s. hreinsun, viðgerðir og viðhald (rekstrar og viðhalds handbók).

Jafnframt skal rekstraraðili taka saman niðurstöður um umhverfisvöktun og innra eftirlit samkvæmt greinum 4.1 til 4.4 fyrir 15. mars ár hvert vegna ársins á undan.

- Niðurstöður eftirlitsmælinga í hreinsivirki þ.m.t rennsli skólps.
- Upplýsingar um tíðni losunar á yfirfalli (í einföldu kerfi) (má ekki fara yfir 5% tímans á ársgrundvelli).
- Niðurstöður vöktunar í viðtaka/vatnshloti
- Upplýsingar um frávik skv. vöktunaráætlun og kröfum í starfsleyfi ef við á.

4.2 Umhverfisvöktun

Losun fráveituvatns er í vatnshlotið og er samkvæmt gerðalýsingu Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu öll strandsjávarhlot/straumvatnshlot/stöðuvötn vera í góðu eða mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Komi í ljós að vatnshlotið uppfyllir ekki umhverfismarkmið sín vegna losunar á skólpi skal rekstraraðili ráðast í aðgerðir við að draga úr álagi á það enda sé unnt að rekja að mengun sé til komin vegna starfsemi rekstraraðila.

Rekstraraðili skal vakta helstu gæðapætti í vatnshloti í þeim tilgangi að meta álag á umhverfið sem starfsemin veldur og ráðast í úrbætur sé þess þörf.

Rekstraraðili skal leggja fram vöktunaráætlun sem gerir ráð fyrir vöktun á gæðapáttum í samræmi við stjórn vatnamála (sjá skýrslu Hafrannsóknastofnunar) (níturat, fosfat, blaðgræna, hryggleysingar). Vöktunaráætlun skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni (4 ár) og starfsleyfisveitandi yfirfer og samþykkir hana að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.

Rekstraraðili skal einnig vakta reglulega gerlamengun á eftirfarandi svæðum... nánara fyrirkomulag á gerlamælingum skal koma fram í vöktunaráætlun.

4.3 Mælingar og losunarmörk

Sýnatökuaðstaða

Í skólphreinsistöð skal vera til staðar sýnatökuaðstaða eða staður þar sem hægt er að taka dæmigerð sýni af óhreinsuðu skólpi þar sem það kemur inn í hreinsivirkið, sem og hreinsuðu skólpi þar sem það kemur út úr hreinsivirkinu áður en það er losað í viðtaka. Fyrirkomulag sýnatökuaðstöðu skal tryggja góða blöndun skólpsins sem sýni er tekið af. Þar sem ekki er hægt að koma því við skal blöndun við sýnatöku tryggð á annan hátt, t.d. með hræra.

Sjá leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu.

Losunarmörk

Tveggja þrepa hreinsun skal standast losunarmörk sem gefin eru í töflu 1 í viðauka I í reglugerð um fráveitur og skólp. Komi til þess að reglugerðin verði endurskoðuð með strangari kröfum á stafsleyfistímanum þá gilda þær kröfur. Losunarmörkin eru tekin saman í eftirfarandi töflu ásamt markmiðum um hreinsun og styrk sem skulu gilda: Notast skal við losunarmörkin lágmarkslækkun miðað við hundraðshluta.

	Hreinsunarmarkmið, %	Hámarksstyrkur, mg/l
BOD ₅	70-90%	25
COD	75%	125
Svifagnir	90*	35*
Mengunarefni skv. regl. 796/1999		Eftir aðstæðum.

* Valfrjáls losunarmörk. Ákveðið í starfsleyfi.

4.4 Sýnataka og mat sýna

Um innra eftirlit, skólpsýnatöku, meðferð og mat á sýnum fer skv. 27. grein um mengunarvarnaeftirlit og A, B og D-hluta 1. viðauka reglugerðar um fráveitur og skólp og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um eftirlitsmælingar og vöktun vegna fráveitu.

Við sýnatökur skal rekstraraðili taka sólarhringsblandsýni og skal þeim að jafnaði vera jafndreift yfir hvert almanaksár. Blandsýnin skulu tekin yfir sólarhring og skulu miðast við hlutfall flæðis eða sólarhrings (ss – sólarhringsblandsýni).

Gera skal mælingar í hreinivirki til þess að sannreyna að losunarmörk séu haldin.

	50-199 þe	200- 1.999 þe	2.000 - 9.999 þe	10.000 - 49.999 þe	>50.000 þe
BOD ₅	4 ss/ fyrsta starfsárið*	2 ss/ár	4 ss/ár	12 ss/ár	2 ss/mánuði

COD	4 ss/ fyrsta starfsárið*	2 ss/ár	4 ss/ár	12 ss/ár	2 ss/mánuði
Svifagnir	4 ss/ fyrsta starfsárið*	2 ss/ár	4 ss/ár	12 ss/ár	2 ss/mánuði
Leyfilegur hámarksfjöldi sólarhringsblandsýna sem ekki uppfylla settar kröfur	1	1	1	2	3

4.5 Útrás og yfirfall

Útrás

Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera: Set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), Olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir né efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

Yfirfallsleiðslur

Rekstraraðili skal safna og eftir atvikum birta upplýsingar þegar skólp rennur um yfirfall. Verði bilun í rekstri hreinsivirkis sem ætla má að dragi úr getu þess til að taka við og hreinsa skólp skal viðgerð fara fram án tafar. Upplýsingar um notkun yfirfalla eru tekin saman í skýrslu sbr. lið 4.1.

Notkun neyðaryfirfalls skal tilkynnt eftirlitsaðila tafarlaust. Verði bilun í rekstri hreinsivirkis sem ætla má að dragi úr getu þess til að taka við og hreinsa skólp skal viðgerð fara fram án tafar.

4.6 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila skýrslu um umhverfisvöktun og innra eftirlit samkvæmt greinum 4.1 til 4.4 fyrir 15. mars ár hvert vegna ársins á undan. Eftirlitsaðili getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess.

Á tveggja ára fresti skal upplýsingum um umhverfisvöktun og innra eftirlit komið til Umhverfisstofnunar eftir því sem þess er óskað (m.a. hreinsiprep, árangur hreinsunar, staðsetningu hreinsistöðvar og útrásar, magn seyrur og úrgangs). Umhverfisstofnun birtir samantekt upplýsinga fyrir allt landið og skilar þeim til Umhverfisstofnunar Evrópu.


4.7 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða kostnað við mælingar og rannsóknir á mengun samkvæmt 4. kafla. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og eftirlitsaðili samþykkir.

4.8 Gjaldskylda og gildistaka

Rekstraraðili greiðir starfsleyfisveitanda gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá xxxx. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

Selfoss 31. október 2025


Reynir Freyr Jakobsson
heilbrigðisfulltrúi